

Mánudaginn 11. desember 1989.

Nr. 458/1989. **Protabú Vatnagulls hf.**

gegn

Þórarni Þ. Jónssyni,

Ráðgarði hf. og

Gunnari Haraldssyni.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, skotið frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur frá 10. október 1989 til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 24. október sl., sem barst Hæstarétti 28. nóvember sl. Hann krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Eins og fram kemur í hinum kærða dómi, vísaði héraðsdómari málinu frá héraðsdómi með vísan til 88. gr. og 105. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Í héraðsdómsstefnu gerir sóknaraðili grein fyrir málavöxtum og málsástæðum og telur upp þau gögn, sem hann telur styðja kröfu sína, ásamt lagarökum. Í greinargerð eru síðan talin þau skjöl, er sóknaraðili lagði fram við þingfestingu málsins. Varnaraðili gerði engar athugasemdir við málatilbúnað sóknaraðila. Lögmenn aðila höfðu leitt vitni og munnlegur málflutningur farið fram.

Málatilbúnaður sóknaraðila var ekki því til fyrirstöðu, að héraðsdómari gæti, með vísan til 120. gr. laga nr. 85/1936, gert sóknaraðila kost á að afla nýrra gagna og skýra frekar önnur þau atriði, sem þurfa þótti, áður en dómur yrði á málið lagður. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Hinn kærði frávisunardómur er úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. október 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. september sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 5., 9. og 10. janúar 1989, af þrotabúi Vatnagulls hf., kt. 630388-1639, Landmannahreppi, Rangárvallasýslu, gegn Þórarni Þ. Jónssyni, kt. 070638-7469, Stekkjarflöt 25, Garðabæ, Ráðgarði hf., kt. 580385-0369, Nóatúni 17, Reykjavík, og Gunnari Haraldssyni, kt. 190549-3139, Tjarnarbóli 14, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

— að viðurkennd verði riftun á greiðslum Vatnagulls hf., alls að fjárhæð 2.624.048,50 kr., samkvæmt þremur reikningum frá stefnda Þórarni tímabilið 5. maí til 5. ágúst 1988, alls að fjárhæð 177.778,00 kr., fjórum reikningum frá stefnda Ráðgarði hf. fyrir sama tímabil, alls að fjárhæð 1.813.333,00 kr., einum reikningi frá Thom G. Borgen, Oslo, að fjárhæð 139.278,20 kr., greiddum 6. júní 1988, einum reikningi frá Vidar Nielsen f.h. Det Norske Garantiselskab A/S Oslo, að fjárhæð 217.015,90 kr., greiddum 6. júní 1988, og einum reikningi frá Ole Haugen f.h. Fokus Bank A/S, Fillan, Noregi, að fjárhæð 276.643,40 kr., greiddum 6. júní 1988.

— að stefndu verði in solidum dæmdir til að endurgreiða stefnanda 2.624.048,50 kr., þ.e. andvirði þeirra reikninga, er Vatnagull hf. greiddi framangreindum aðilum, ásamt 33.6% ársvöxtum frá 2. október 1988 til 1. nóvember s.á., 27.6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., en 24% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags og með ársvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags,

— að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri sömu vexti og að ofan greinir, 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður.

*Málavextir.**Niðurstaða.*

Stefnandi höfðar mál þetta til riftunar greiðslum samkvæmt þremur reikningum frá Þórarni Þ. Jónssyni, samtals að fjárhæð 177.778,00 kr., og fjórum reikningum frá Ráðgarði hf., 1.813.333,00 kr. Þá er krafist riftunar á greiðsum til Thom G. Borgen, að fjárhæð 139.278,20 kr., Garantiselskabet 217.015,90 kr. og Fokus Bank 276.643,40 kr.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu um greiðslur til stefnda Gunnars Haraldssonar, og hefur stefnandi ekki gert grein fyrir aðild hans að málinu í sóknargögnum. Þá hefur stefnandi ekki gert grein fyrir því, á hverju hann reisir solidaríska ábyrgð stefndu í málinu, eða skýrt það með neinum hætti, hvernig kröfu um riftun á greiðslum til hinna erlendu aðila verði beint að stefndu í málinu.

Af hálfu stefnanda er óútskýrt, hverju hann styður rétt sinn til þess að endurkrefja um greiðslur skv. reikningum, sem stilaðir eru á Ráðgarð hf. og Vatnagull hf.

Ekki liggur fyrir, að stefndu hafi fengið aðrar greiðslur frá stefnanda á greiðslustöðvunartímabili en þær, sem fjallað er um í máli þessu.

Málatilbúnað stefnanda ber að skilja svo, að stefndu hafi borið einhver þóknun fyrir störf sín í þágu stefnanda, en greiðslur til þeirra hafi hins vegar verið of háar. Engin grein hefur þó verið gerð fyrir því, hvað stefnandi telji hæfilega þóknun fyrir störf stefndu, og engin gögn hafa verið lögð fram í málinu til sönnunar því, að umræddar greiðslur hafi verið hærri en sanngjarnt var.

Kröfugerð stefnanda miðar hins vegar að því, að stefndu endurgreiði að fullu þær greiðslur, er um ræðir.

Þegar framanritað er virt, verður að telja mál þetta svo óljóst og vanreifað af hálfu stefnanda og kröfugerð hans í slíku ósamræmi við málsástæður hans, að ekki verði lagður á það efnisdómur, og ber því með vísan til 88. gr. og 105. gr. laga nr. 85/1936 að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 70.000,00 kr., þar með talinn söluskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi, Vatnagull hf., greiði stefndu, Þórarni Þ. Jónssyni, Ráðgarði hf. og Gunnari Haraldssyni, 70.000,00 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.